

# Fræðslublað Eflingar

2021-2022



Fræðslublað Eflingar 2021-2022

Ritstjórn: Rakel Pálsdóttir, Þórunn Hafstað, Herdís Steinarsdóttir

Ábm.: Sólveig Anna Jónsdóttir

Umbrot og hönnun: Þorfinnur Sigurgeirsson

Ljósmyndir: Þórunn Hafstað, Þorfinnur Sigurgeirsson og Þórdís Erla Ágústsdóttir

Prentun: Prentmet Oddi

# Fræðslublað Eflingar

2021-2022

## EFNISYFIRLIT

Leiðari .....	3
Vitinn - skóli Eflingar .....	4
Námskeið í boði .....	5-8
Opnir viðburðir í Fræðslusetri .....	10
Okkar á milli .....	11
Þátttakendur á fagnámskeiðum .....	12-13
Viðtal við Guðmund Oddsson, félagsfræðing .....	14-15
Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað? .....	16-17
Guðbjörg María Jósepsdóttir, trúnaðarmaður Eflingar .....	18-19
Runólfur Óttar Kristjánsson, trúnaðarmaður Eflingar .....	20-21
Hagnýtar upplýsingar .....	22-23
Viltu vera með í kór? .....	24



# Fríða Rós Valdimarsdóttir, teymisstjóri fræðslumála

## Leiðari

Vitinn – skóli Eflingar hefur sinn fyrsta vetur á fjölbreyttri dagskrá sem byggir á vilja félagsfólks. Með skólanum er á einum stað hægt að nálgast þá fræðslu og félagsstarf sem Efling hefur upp á að bjóða. Í þessu blaði er að finna fræðsludagskrá fram að vori en auk þess er alltaf hægt að fylgjast með hvað er á döfinni í viðburðadagatali á efling.is. Undir hatti Vitans verður öll fræðsla félagsins, allt frá trúnaðarmannánámskeiðum til fræðslu um ræktun matjurta til kórastarfs svo fátt eitt sé nefnt.

Í vor fékk félagsfólk Eflingar senda könnun um hvaða fræðslu það vildi sækja til Eflingar. Fræðsludagskrá vetrarins er mótuð eftir niðurstöðum þeirrar könnunar og kennir þar ýmissa grasa. Til að mynda verða mánaðarlegir viðburðir, fyrsta fimmtudag í mánuði, þar sem boðið verður upp á fjölbreytta fræðslu og kaffiveitingar. Auk þessara viðburða verða hefðbundin námskeið á sínum stað eins og starfslokanámskeið og ýmis konar réttindanámskeið. Þau námskeið verða aðgengileg á íslensku, ensku og pólsku.

Ég vil sérstaklega benda félögum á nýtt námskeið sem nefnist Almenn braut sem kennt verður í nóvember. Þar er boðið upp á skemmtilega samveru félaga Eflingar, faglega fræðslu um

baráttu og leiðsögn í að koma sínum skoðunum og baráttumálum á framfæri. Næsta vetur eru kjarasamningar lausir og vonumst við til að sem flestir félagar láti í sér heyra og taki af krafti þátt í starfi félagsins fyrir bættum kjörum vinnandi fólks í landinu. Einn af kennurum á námskeiðinu er Guðmundur Oddsson og má finna fróðlegt viðtal við hann hér í blaðinu.

Gleði og baráttukór Eflingar verður með sína fyrstu kóræfingu miðvikudaginn 15. september kl. 17 og verður æft vikulega í húsnæði fræðsluseturs Eflingar á 4. hæð í Guðrúnartúni 1. Jóhanna V. Þórhallsdóttir ætlar að leiða kórinn í gleði og baráttu en hún hefur víðtæka reynslu af að stjórna kórum. Við hvetjum ykkur til að vera með frá byrjun til að hafa áhrif á starfið frá fyrsta degi.

Ég vona að þið finnið öll eitthvað við ykkar hæfi af því sem er á döfinni í vetur. Ekki hika við að hafa samband við skrifstofuna ef það er eitthvað sem þið viljið sjá á dagskránni í framtíðinni.



# VITINN

## Skóli Eflingar

Efling hefur stofnað nýjan skóla fyrir félagsfólk. Með skólanum er mynduð eins konar regnhlíf yfir núverandi kennsluframboð Eflingar, þ.e. fagnámskeið, trúnaðarmannafræðslu, réttindanámskeið og önnur stök námskeið. Jafnframt verður boðið upp á svokallaða almenna braut þar sem Eflingarfélögum er veittur stuðningur, tækni og tól til að hafa aukin áhrif, beita sér í þágu verkalyðsbaráttunnar og samfélagsmála almennt.

Um er að ræða uppstokkun á núverandi fræðslufyrirkomulagi stéttarfélagsins auk nýrrar námsbrautar. Markmiðið er að færa fræðslu til félaga í nútímalegra horf, gera hana fjölbreyttari, markvissari og áhugaverðari en áður.

### Almenn braut

Á almennu brautinni er félögum Eflingar bent á tækifæri til áhrifa, veitt leiðsögn í tjáningu, leiðbeint um notkun samfélagsmiðla og ýmsar aðrar árangursríkar leiðir til að koma

skoðunum sínum og hugsjónum á framfæri. Einnig verður farið yfir mismunun og ójafnrétti á Íslandi og hvað verkalyðshreyfingunni hefur áunnist með baráttu sinni fyrir réttlátara samfélagi.

*Kennarar verða Sólveig Anna Jónsdóttir, Viðar Þorsteinsson, Guðmundur Ævar Oddsson, Kolbrún Halldórsdóttir og starfsfólk Eflingar.*

Efling býður nemendum upp á kvöldverð öll kennslukvöldin. Allt nám fer fram í húsakynnum Eflingar við Guðrúnartún og engar heimavinnu er krafist. Engin önnur skilyrði eru fyrir inngöngu á almennu brautina heldur en að hafa greitt iðgjald til Eflingar í að lágmarki þrjá mánuði síðustu sex mánuði. Nemendur á almennu brautinni verða leystir út með útskriftargjöfum.

Eflingarfélögum býðst að taka þátt í náminu án endurgjalds.

Efnt var til nafnasamkeppni meðal félagsmanna um heiti á skólanum og bárust félaginu hvorki meira né minna en 135 tillögur.

Vinningstillagan kom frá Dovile Paulauskaite og verður nafn skólans Vitinn - skóli Eflingar.

Dómnefnd skipuðu Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður, Fríða Rós Valdimarsdóttir, teymisstjóri fræðslumála hjá Eflingu og Kontór auglýsingastofa.

Í umsögn dómnefndar segir:

*Vitinn er táknrænn fyrir stöðugleika í ólgusjó, hann vísar veginn og er ljós í myrkrinu. Þá vísar heitið einnig til vits sem einmitt fæst með aukinni fræðslu.*



# Námskeið í boði

## Fagnámskeið

### Umönnun – Fagnámskeið I og II

#### Fagnámskeið I

**Kennslutímabil:** 23. september til 7. desember 2021

**Kennsludagar:** Þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar kl. 12:40–16:00

**Kennslutímabil:** 1. febrúar til 4. apríl 2022

**Kennsludagar:** Þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar kl. 12:40–16:00

#### Fagnámskeið II

**Kennslutímabil:** 22. september til 8. desember 2021

**Kennsludagar:** Mánudagar, þriðjudagar og miðvikudagar kl. 12:40–16:00

**Kennslutímabil:** 31. janúar til 5. apríl 2022

**Kennsludagar:** Mánudagar, þriðjudagar og miðvikudagar kl. 12:40–16:00

Námskeiðin eru ætluð þeim sem aðstoða, annast um eða hlynna að sjúku, fötluðu eða öldruðu fólki á einkaheimilum eða stofnunum. Einnig þeim sem aðstoða skjólstæðinga við innkaup, þríf og persónulega umhirðu. Þátttakendur þurfa að ljúka fyrra námskeiðinu til þess að halda áfram á því seinna. Meðal námsþátta eru aðstoð og umönnun, skyndihjálp, sjálfstyrking og samskipti, líkamsbeiting og fleira. Fagnámskeiðin eru undanfari að námi í félagsliðabréu. Námskeiðin eru ætluð félagsmönnum Eflingar sem starfa við heilbrigðis- og félagsþjónustu.

**Kennsla fer fram hjá Mími, Höfðabakka 9.**

**Skráning er hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 510 7500 eða á netfangið [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is).**

**Námskeiðin eru kennd á íslensku og eru félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

### Starfsmenn leikskóla I og II

#### Fagnámskeið I

**Kennslutímabil:** 16. maí til 1. júní 2022

**Kennsludagar:** Alla virka daga kl. 8:30–15.30

#### Fagnámskeið II

**Kennslutímabil:** 7. júní til 23. júní 2022

**Kennsludagar:** Alla virka daga kl. 8:30–15.30

Námið er ætlað einstaklingum sem eru eldri en 20 ára, eiga að baki stutta skólagöngu og vinna á leikskólum. Á fagnámskeiðunum er bæði lögð áhersla á námsþætti sem styrkja persónulega og almenna færni t.d. sjálfstyrkingu og samskipti, námstækni, færnimöppu og tölvur og svo námsþætti eins og uppeldi leikskólabarna, þroska og þróun leikskólabarna, listastarf með börnum, námskrá leikskóla, fjölmennningarlegan leikskóla og fleira.

Fagnámskeiðin eru undanfari náms í leikskólaliðabréu.

**Kennsla fer fram hjá Mími, Höfðabakka 9.**

**Skráning hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 510 7500 eða á netfangið [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)**

**Námskeiðin eru kennd á íslensku og eru félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

### Framhaldsnám félagsliða – Heilabilun

**Kennslutímabil:** 8. september til 1. desember 2021

**Kennsludagar:** Miðvikudagar kl. 12:50–16:00

Náminu er meðal annars ætlað að auka innsæi í þarfir og aðstæður einstaklinga með heilabilanir. Fræðsla verður um mismunandi sérkenni og algengi heilabilunarsjúkdóma. Samskipti við sjúklinga og aðstandendur. Hlutverk og þjónusta hagsmunafélaga eru kynnt. Farið verður í vettvangsferðir og verkefni unnin eftir þær ferðir.

Námið er ætlað félagsliðum.

**Kennsla fer fram hjá Mími, Höfðabakka 9.**

**Skráning er hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 510 7500 eða á netfangið [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is).**

**Námskeiðið er kennt á íslensku og er félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

### Leikskólaliðabréu – fyrsta önn

**Kennslutímabil:** Námið hefst 4. september 2021

**Kennsludagar:** Kennt í fjarnámi að mestu

Leikskólaliðabréu er ætluð þeim sem vinna á leikskólum við uppeldi og umönnun barna. Námið er einingabært og kennt er samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Að námi loknu útskrifast nemendur sem leikskólaliðar.

Námið tekur mið af því að nemendur starfi á leikskóla. Viðkomandi þarf að vera orðinn 22 ára, hafa lokið 230 kennslustunda starfstengdum námskeiðum og hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í faginu. Námið í heild er 30 einingar og er kennt á fjórum önnum, sex til níu einingar á hverri önn. Fyrsta önnin er kennd í fjarkennslu.

Námið er ætlað félagsmönnum Eflingar sem starfa í leikskóla.

**Kennsla fer fram hjá Mími, Öldugötu 23, 101 Reykjavík.**

**Skráning er hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 510 7500 eða á netfangið [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)**

**Námskeiðið er kennt á íslensku og er félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

### Eldhús – Fagnámskeið I og II

Markmið námskeiðanna er að auka færni starfsfólks til þess að sinna störfum sínum í mótuneytum og eldhúsum. Áhersla er lögð á að auka faglega þekkingu á sviði matvæla- og veitingagreina og gefa fullorðnum tækifæri til fagmenntunar á sviðinu.

#### Fagnámskeið I

**Kennslutímabil:** 21. september til 18. nóvember 2021

**Kennsludagar:** Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 15:45–18:50

#### Fagnámskeið II

**Kennslutímabil:** 18. janúar til 24. mars 2022

**Kennsludagar:** Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 15:45–18:50

#### Fagnámskeið III

**Kennslutímabil:** 29. mars til 19. maí 2022

**Kennsludagar:** Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 15:45–18:50

## Trúnaðarmenn

Námskeið fyrir trúnaðarmenn Eflingar á opinberum og almennum vinnumarkaði eru kennd í fjórum hlutum. Á hverju námskeiði er boðið upp á morgun- og hádegisverð og síðasta daginn er haldin útskriftarhátíð með veitingum þar sem nemendur eru leystir út með gjöf og tekin er hópmynd.

Til að skrá sig á námskeið þurfa trúnaðarmenn að senda tölvupóst á [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is) eða hringja í síma 510 7500.

Kennsla fer fram í húsnæði Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð og er trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu.

Boðið er upp á námskeiðin á íslensku og ensku.

### Trúnaðarmannanámskeið - hluti 1

Trúnaðarmenn kynnast starfsemi stéttarfélagsins, svo sem launakröfugerð, vinnustaðaheimsóknum, skipulagi félagsins og starfsmönnum þess. Farið er vel í túlkun kjarasamninga, réttindi í sjóðum Eflingar, undirstöðuatriði í samtalsækni, lestur launaseðla og launaútreikninga.

**Íslenska:** 26. október til 28. október 2021 / 1. febrúar til 3. febrúar 2022 / 17. maí til 19. maí 2022

**Enska:** 26. október til 28. október 2021 / 1. febrúar til 3. febrúar 2022 / 17. maí til 19. maí 2022

### Trúnaðarmannanámskeið - hluti 2

Fjallað er um hvernig hægt er að virkja samstarfsfólk og auka samtakamátt starfsfólks á vinnustað. Hlutverk Eflingar og ASÍ eru í brennidepli auk samskipta á vinnustað og vinnuréttar. Farið verður sérstaklega yfir lög um fæðingar- og foreldraorlof, atvinnuleysisstryggingar, hópuppsagnir og hvað gerist þegar fyrirtæki verða gjaldþrota.

**Íslenska:** 21. september til 23. september 2021

**Enska:** 21. september til 23. september 2021

### Trúnaðarmannanámskeið - hluti 3

Nemendur kynnast grunnatriðum Vinnuettirlitsins, störfum þess, lögum og reglugerðum um vinnuvernd ásamt kjarasamningsákvæðum. Nemendur fá fræðslu um hvað felist í kynferðislegri áreitni og einelti og hvernig eigi að bregðast við slíkum brotum á vinnustað. Farið er í áhrif sjálfstrausts í samskiptum og lögð áhersla á að trúnaðarmenn eflist í að setja mörk. Í lokin eru öll helstu hugtök hagfræðinnar eins og kaupmáttur, vísitala, verðbólga og þensla hagkerfis útskýrð á mannamáli.

**Íslenska:** 16. nóvember til 18. nóvember 2021

**Enska:** 16. nóvember til 18. nóvember 2021

### Trúnaðarmannanámskeið - hluti 4

Farið er í grunnatriði samningagerðar, hvernig hún er notuð við úrlausn mála sem koma inn á borð trúnaðarmanna. Nemendur fá þjálfun í framsögu og umræðum á vinnustaðafundum, fundarskópum og frágangi fundargerða. Farið er yfir virkni lífeyrissjóðakerfisins sem er nytsamlegt fyrir trúnaðarmenn.

**Íslenska:** 22. mars til 24. mars 2021

**Enska:** 22. mars til 24. mars 2021

## Réttindi

### Á tímamótum – Starfslokanámskeið

Ertu farin/n að huga að starfslokum? Þá stendur þér til boða að sækja námskeið Eflingar þar sem farið er yfir hagnýtar upplýsingar varðandi tímamótin. Að hætta á vinnumarkaði þarf að undirbúa vel. Breytingin hefur mikil áhrif á líf fólks og er stórt skref að stíga. Góður undirbúningur getur gert breytinguna í nýja hlutverkið auðveldari.

Á námskeiðinu fjalla sérfræðingar til að mynda um sjúkra-tryggingar, lífeyrisréttindi, heilsu og réttindi hjá stéttarfélaginu og svara fyrirspurningum frá þátttakendum. Einnig verður fjallað um hvað er í boði í félagsstarfi og fræðslu fyrir fólk sem hættir á vinnumarkaði eða er komið á eftirlaun.

Boðið er upp námskeiðið á íslensku, ensku og pólsku.

Umsjón með námskeiðinu á íslensku og ensku er í höndum leikstjórans Kolbrúnar Halldórsdóttur. Starfsfólk Eflingar heldur utan um námskeiðið á pólsku.

**Íslenska:** 19. og 20. október 2021 kl. 18:00–21:00

**Enska:** 26. og 27. október 2021 kl. 18:00–21:00

**Pólska:** 8. og 9. mars 2022 kl. 18:00–21:00

**Íslenska:** 15. og 16. mars 2022 kl. 13:00–16:00

Kennsla fer fram í húsnæði Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð og er félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Skráning er hjá Eflingu stéttarfélagi í síma 510 7500 eða á netfangið [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)

Námskeiðið er haldið í samstarfi við Mími.

### Réttindi og skyldur á vinnumarkaði

Námskeiðið er liður í því að veita félögum í Eflingu upplýsingar um réttindi þeirra á vinnumarkaði og hjá stéttarfélaginu. Sérfræðingar Eflingar í kjaramálum fara yfir helstu atriði kjarasamninga, s.s. veikindarétt, uppsagnarfrest og fleira ásamt því að kynna réttindi félagsmanna í sjóðum félagsins.

Boðið er upp á námskeiðið á íslensku, ensku og pólsku.

**Íslenska:** 20. janúar 2022, kl. 19:00–21:00

**Enska:** 25. janúar 2022, kl. 19:00–21:00

**Pólska:** 27. janúar, kl. 19:00–21:00

Kennsla fer fram í húsnæði Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð og er félagsmönnum að kostnaðarlausu.



## Skattkerfið á Íslandi

Farið verður yfir lög og reglur um skattkerfið á Íslandi. Hverjar skyldur skattgreiðenda eru og hver munurinn er á launagreiðslu og verktakagreiðslu. Þá verður fjallað um gerð skattframtals og hvaða kostnað er hægt að nýta til frádráttar á skatti.

Boðið er upp á námskeiðið á ensku og pólsku.

**Enska:** 8. febrúar 2022, kl. 19:00–21:00

**Pólska:** 15. febrúar 2022, kl. 19:00–21:00

**Kennsla fer fram í húsnæði Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð og er félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

## Lífeyrisréttindi

Fulltrúi Eflingar og Landssambands lífeyrissjóða svara spurningum sem brenna á félögum Eflingar eins og: Hvernig virkar lífeyrissjóðakerfið á Íslandi? Hvernig spila saman almennir lífeyrissjóðir og Tryggingastofnun? Hver get ég nálgast upplýsingar um lífeyrisréttindi mín á Íslandi? Hvernig get ég undirbúið starfslok?

Boðið er upp á námskeiðið á íslensku, ensku og pólsku.

**Íslenska:** 26. apríl 2022, kl. 19:00–21:00

**Enska:** 10. október 2022, kl. 19:00–21:00

**Pólska:** 10. maí 2022, kl. 19:00–21:00

**Kennsla fer fram í húsnæði Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð og er félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

## Almenn braut

Á nýrri almennri braut Eflingar verður félögum veittur stuðningur, tæki og tól til að hafa aukin áhrif, beita sér í þágu verkalýðsbaráttunnar og samfélagsmála almennt.

Á almennu brautinni er félögum Eflingar bent á tækifæri til áhrifa, veitt leiðsögn í tjáningu, leiðbeint um notkun samfélagsmiðla og ýmsar aðrar árangursríkar leiðir til að koma skoðunum sínum og hugsjónum á framfæri. Einnig verður farið yfir mismunun á Íslandi og hvað verkalýðshreyfingunni hefur áunnist með baráttu sinni fyrir réttlátara samfélagi.

Kennarar verða Sólveig Anna Jónsdóttir, Viðar Þorsteinson, Guðmundur Ævar Oddsson, Kolbrún Halldórsdóttir og starfsfólk Eflingar.

Efling býður nemendum upp á kvöldverð öll kennslukvöldin. Allt nám fer fram í húsakynnum Eflingar við Guðrúnartún og engrar heimavinnu er krafist. Engin önnur skilyrði eru fyrir inngöngu á almennu brautina heldur en að hafa greitt iðgjald til Eflingar í að lágmarki þrjá mánuði síðustu sex mánuði. Nemendur á almennu brautinni verða leystir út með útskriftargjöfum.

**Kennsla fer fram á ensku og íslensku.**

**Íslenska:** 2., 9., 16. og 23. nóvember 2021 kl. 18:00–21:00

**Enska:** 3., 10., 17. og 24. nóvember 2021 kl. 18:00–21:00

**Áhugasömum er bent á að skrá sig í nám á almennu brautinni í gegnum [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is) eða í síma 510 7500.**

**Námið er félagsmönnum Eflingar að kostnaðarlausu.**

## Félagsmálaskóli alþýðu

### Stytting vinnutímans – nýtt vinnufyrirkomulag starfsfólks í vaktavinnu

Reglur um styttingu vinnutímans hjá starfsfólki í vaktavinnu geta virkað flóknar fyrir marga og erfitt að útfæra þær.

Á þessu námskeiði verður farið í helstu ákvæði kjarasamninga sem snerta starfsfólk í vaktavinnu og styttingu vinnutímans, formlegt ferli og útfærslu.

Í þessu námskeiði verður sérstaklega hugað að fyrirkomulagi vaktavinnustaða og hvernig hægt er að útfæra styttingu vinnutímans án þess að skerða þjónustu vinnustaða og ganga á réttindi eða skyldur starfsmanna.

Leiðbeinandi er Ragnar Ólason, aðstoðarframkvæmdastjóri Eflingar og sérfræðingur um styttingu vinnutímans.

**Kennt:** 23. september 2021 kl. 9:00–12:00

**Kennsla fer fram í Guðrúnartúni 1.**

**Verð:** 11.000 kr.

### Samningatækni – fyrir samninganefndir stéttarfélaga

Á þessu námskeiði verður farið yfir ferli samningaviðræðna, allt frá undirbúningi til loka samningaferlis s.s. undirbúning, upphaf samningafunda, lausn deilumála, heiðarleg vinnubrögð, lesa í aðstæður og leiðir til að ná árangri, ákvarðanir, hvenær er niðurstöðu náð og hvernig komast má hjá átökum samningsaðila o.fl.

Farið er í samningsstöðu aðila, forgangsröðun, tilboðsgerð og svigrúm í samningum.

Markmið námskeiðsins er að þjálfar og undirbúa einstaklinga til þátttöku í samningaviðræðum þannig að þeir öðlist færni í að hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa, taka ákvarðanir sem hópur og virða niðurstöður.

Leiðbeinandi er Elmar Hallgríms Hallgrímsson, framkvæmdarstjóri Samiðnar og sérfræðingur í sáttamiðlun.

**Kennt:** 7. október 2021 kl. 9:00–12:00

**Kennsla fer fram í Guðrúnartúni 1.**

**Verð:** 12.000 kr.

## Formlegur undirbúningur kjarasamninga, samningaviðræður og boðun verkfalla

Á námskeiðinu verður fjallað um hlutverk, heimildir og umboð samninganefnda; hlutverk og stöðu ríkissáttasemjara, viðræðuáætlanir og skilyrði fyrir framlagningu miðlunartillögu.

Farið verður í tilhögun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, leynilegar allsherjaratkvæðagreiðslur og póstatkvæðagreiðslur; einnig boðun og framkvæmd verkfalla.

**Markmið:** Að þeir sem koma að gerð og viðræðum kjarasamninga með beinum hætti, þekki þær formlegu reglur sem gilda um samningaviðræður og hvernig ferlið gengur fyrir sig.

Leiðbeinandi er Halldór Oddson, lögfræðingur hjá ASÍ.

**Kennt:** 9. nóvember 2021 kl. 9:00–12:00

**Kennsla fer fram í Guðrúnartúni 1.**

**Verð:** 12.000 kr.

## Samskipti og liðsheild samninganefnda

Námskeið og vinnustofa þar sem unnið verður með samskipti innan samninganefnda og samningsaðila. Kynntar verða aðferðir, tæki og tól sem geta nýst í komandi samningaviðræðum. Skoðað verður hvað einkennir góð teymi og heilbrigða liðsheild og hvernig samskiptasáttmáli getur hjálpað til við það.

Leiðbeinandi er Ágústa Sigrún Ágústsdóttir.

**Kennt:** 2. nóvember 2021 kl. 9:00–12:00

**Kennsla fer fram í Guðrúnartúni 1.**

**Verð:** 21.500 kr.

## Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna stéttarfélaga

Í fyrri hlutanum er fjallað um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna stéttarfélaga og hvernig best verði staðið að framkvæmd stjórnarstarfa m.t.t. skilvirkni og gagns fyrir stéttarfélagin. Í seinni hlutanum er fjallað um mikilvægi þess að sinna fjárreiðum stéttarfélaga af ábyrgð og fagmennsku. Lögð er áhersla á ábyrgð stjórna og mikilvægi þess að festa góð vinnubrögð í sessi, s.s. formlegar bókanir í fundargerðum, fjárhagsáætlanir, umsýslu sjóða og fleira.

Leiðbeinendur eru Guðmundur H. Hilmarsson og Bjarni Frimann Karlsson.

**Kennt:** 16. og 18. nóvember 2021 kl. 9:00–13:00.

**Kennsla fer fram í Guðrúnartúni 1.**

**Verð:** 38.000 kr.

Námskeiðin eru kennd á íslensku og eru öllum opin. Trúnaðarmenn geta sótt námskeiðið sér að kostnaðarlausu. Félagsmenn geta sótt um einstaklingsstyrk vegna námskeiðanna í fræðslusjóðum Eflingar.

Skráningu og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans [www.felagsmalaskoli.is](http://www.felagsmalaskoli.is)

## Mínar síður

### Stórbætt þjónusta við félagsmenn Eflingar

Efling-stéttarfélag hefur opnað nýjan þjónustuvef, Mínar síður, þar sem aðgengi að þjónustu félagsins er bætt til muna.

Í gegnum Mínar síður er hægt að sækja um algengustu styrki úr sjóðum félagsins með rafrænum hætti.

Á Mínum síðum verður hægt að sjá hve mikinn rétt til helstu styrkja félagsmenn eiga inni auk þess sem þeir geta séð yfirlit um iðgjöld sín til félagsins og uppfært nauðsynlegar persónuupplýsingar með auðveldum hætti. Innskráning er með rafrænum skilríkjum.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu, innskráning er á [www.efling.is](http://www.efling.is)



**EFLING**  
Baráttu fyrir betra lífi



**OKKAR  
VINNA  
SKAPAR  
VERÐMÆTIN**

# Fræðslukvöld Eflingar

## Mánaðarlegir viðburðir með fjölbreyttu sniði

Í vetur býður Vitinn - skóli Eflingar upp á fræðandi og skemmtilega viðburði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Efling sendi könnun til félagsmanna í sumar þar sem spurt var um hvers konar fræðslu félagar vildu að stéttarfélagið byði upp á. Dagskrá fræðslukvölda Eflingar er sniðin eftir niðurstöðum þeirrar könnunar.


Viðburðirnir fara ýmist fram á íslensku eða ensku og boðið verður upp á textatúlkun.

Viðburðirnir fara fram í Fræðslusetri Eflingar á 4. hæð Guðrúnartúni 1, fyrsta fimmtudagskvöld hvers mánaðar kl. 19:00–21:00. Kór Eflingar er alla miðvikudag kl. 17:00.

Boðið verður upp á kaffiveitingar.

**15. september**

Fyrsta æfing  
Eflingarkórsins



**7. október**

Okkar á milli  
- Eflingarkonur af  
erlendum uppruna  
miðla af reynslu sinni



**4. nóvember**

Betri  
vinnustaðamenning  
og betri samskipti  
- fyrirlestur og umræður



**2. desember**

Jólabókaupplestur



**3. febrúar**

Viltu stofna  
fyrirtæki?  
- praktísk og fagleg  
ráðgjöf sérfræðinga



**3. mars**

Ræktun matjurta



**7. apríl**

Bíókvöld



**5. maí**

Vertu sterkari  
við samningaborðið  
- fyrirlestur og umræður





Fræðslukvöld í október

# Okkar á milli

## - áhrifakonur úr hópi Eflingarkvenna af erlendum uppruna miðla af reynslu sinni og þekkingu

Fjórar Eflingarkonur frá jafn mörgum löndum rekja sögu sína og svara því hvað hafi knúið þær til áhrifa á vinnustað þeirra og í öðru nánasta umhverfi. Í óformlegu spjalli römmuðu inn af Agnieszku Ewu Ziolkowsku, varaformanni Eflingar, rekja konurnar hvaða hindrunum þær hafa mætt á vegferð sinni og hver hafi verið ávinningurinn af framlagi þeirra. Eftir framsögurnar verður opnað fyrir spurningar og umræður.

Dagskráin verður á íslensku og ensku.

Konurnar fjórar eru:

- **Agnieszka Ewa Ziolkowska** frá Póllandi, varaformaður Eflingar-stéttarfélags.
- **Ratana Phaoklum (Jana)** frá Tælandi, starfsmaður heimaþjónustu og sjúkraliðanemi.
- **Innocentia Fiati Friðgeirsson** frá Ghana, starfsmaður í eldhúsi Landspítalans, stjórnarkona í Eflingu-stéttarfélagi og Samtökum kvenna um nýja stjórnarskrá.
- **Selma Nótt Özgen** frá Tyrklandi, starfsmaður heimaþjónustu.

Staður: Fræðslusetur Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð.

Stund: 7. október kl. 19:00-21:00.

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir.

# Kolbrún Ólína Diego

## Fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla

Námskeiðið var mjög fróðlegt og svo margt sem við lærðum sem mér fannst mjög skemmtilegt. Slysavarnanámskeiðið er til dæmis frábært, ég lærði ótrúlega mikið þar. Það er líka áhugavert að læra um alls kyns stefnur í uppeldi og svo heimsóttum við líka aðra leikskóla. Maður lærir svo mikið af því að sjá hvernig aðrir gera hlutina. Ég hef ákveðið að halda áfram í haust og fara í leikskólalíðann.



# Anna Radyszkiewicz

## Fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla


Mér fannst mjög gaman í náminu og ég lærði mjög mikið. Ég kynntist frábæru fólki sem vinnur við það sama og ég og kennararnir voru líka mjög góðir. Mér fannst sérstaklega áhugavert að læra um tvítyngd börn og hvernig við á leikskólanum getum styrkt þau og hjálpað þeim að fóta sig í leikskólanum. Ég byrja að vinna aftur á morgun eftir sumarfrí og hlakka til að nýta allt sem ég hef lært úr náminu.



# Hildur Rós Guðnadóttir

## Fagnám - félagsliði

Að fara í svona nám gerir manni gott á svo margan hátt. Það heldur manni við efnið og eykur skilning manns á starfinu og skjólstæðingum. Í náminu fær maður meiri þekkingu, bætir sig í starfi og fær svo líka smá launahækkun. Ég hvet alla trúnaðarmenn til að hvetja samstarfsfólk sitt til að taka þetta námskeið.



# Gitana Ambrazunaite

## Fagnám - félagsliði

Mér fannst allt áhugavert við þetta nám. Þar sem ég kem frá öðru landi fannst mér gaman og mjög gagnlegt að læra um það hvernig við nálgumst ýmsa hluti sem varða umönnun hér á Íslandi. Það er oft ólíkt því hvernig við nálgumst hlutina í landinu sem ég kem frá. Þetta er ólík menning með ólíkar nálganir í mannlegum samskiptum, sem er nauðsynlegt að vera meðvitaður um þegar maður er að vinna við umönnun viðkvæmra hópa.



# Stéttarstaða einn stærsti áhrifavaldur í lífi einstaklinga

Viðtal við  
Guðmund Oddsson,  
félagsfræðing

Guðmundur Oddsson, dósent í félagsfræði við Háskólann á Akureyri mun kenna hluta hinnar nýju almennu brautar Vitans - skóla Eflingar. Guðmundur, sem er einn helsti sérfræðingur landsins í stéttaskiptingu, mun þar fræða félagsmenn um stöðu verkafólks á Íslandi í samfélagslegu samhengi og birtingarmyndir stéttaskiptingar og ójöfnuðar. Blaðamaður Eflingar sló á þráðinn til Guðmundar og ræddi við hann um hugtakið stétt, af hverju þetta rannsóknarefni er honum svona hugleikið og af hverju það er eftirsóknarvert að búa í jafnaðarsamfélagi.

## Stétt og stéttaskipting

Stéttarstaða er alla jafna stærsti áhrifavaldurinn í lífi einstaklinga og hópa. Nútímasamfélög eru félagslega lagskipt, þar sem kerfisbundinn ójöfnuður er til staðar; hærra skipaðir

hópar hafa betri kjör og tækifæri en þeir undirskipuðu. Á Íslandi, eins og annars staðar, birtist stéttaskipting meðal annars í því að fólk í lægri stéttastöðu hefur lægri tekjur og minni möguleika til að eignast eitthvað, sérstaklega eigið húsnæði. Það hefur jafnframt minni völd og er í ótryggari stöðu á vinnumarkaði, er líklegra til að missa vinnuna og hefur minna sjálfræði á vinnustaðnum. Stéttaskipting birtist einnig í heilsufari fólks; fólk í lægri stéttum er líklegra til að búa við bága heilsu, neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og lifa að jafnaði skemur en fólk í herra skipuðum stéttum. Líkur þess að einstaklingar gangi menntaveginu eru einnig háðar stéttarstöðu sem og námsárangur. Stétt er því „alltumlykjandi orsakabáttur“ í lífi fólks, eins og stéttarannsakandinn Erik Olin Wright orðaði það.



## Félagsfræðingur í „gróðæri“

Árið 2007 hóf Guðmundur framhaldsnám sitt í félagsfræði við Missouri háskóla í Bandaríkjunum. Hann varð snemma meðvitaður um misskiptingu og samfélagslegan ójöfnuð því þjóðfélagsmálin voru mikið rædd á hans heimili og foreldrar hans létu sig réttlátt samfélag varða. „Gróðærisárin“ eins og Guðmundur kallar árin fyrir hrun, voru áhugaverður tími fyrir upprennandi félagsfræðing. Hann fylgdist undrandi með þeim miklu breytingum sem urðu á samfélaginu á skömmum tíma með tilkomu ný- og ofurríkrar stéttar fólks sem ólíkt efnafólki fyrri tíma, flaggaði auð sínum við flest tækifæri. Guðmundur lýsir því hvernig fjölmíðlar tóku þátt í að skapa þessa nýríku yfirstétt: „Séð og heyrt keyrði náttúrulega um þverbak á þessum tíma við að básúna hvað ríka og fræga fólkið aðhefðist – og bjó í raun hópinn ‚ríka og fræga fólkið‘ – til í hugum almennings. Að þetta væri hópur sem við hin þyrftum að vita ýmislegt um, eins og hvað þau væru að kaupa sér, hvaða partý þau væru að sækja, hvaða stórstjórnur væru að troða upp í afmælum þeirra og allt þetta.“ Þegar kom að því að fastmóta meistaraverkefnið sitt, stuttu eftir komuna til Bandaríkjanna, kom í ljós að leiðbeinandi Guðmundar, John heitinn Galliher, var mikill Íslandsvinur og hafði margoft heimsótt landið. Þegar Guðmundur sagði honum frá þessum miklu breytingum varð leiðbeinandinn hugsí og sagðist hafa heyrt fólk tala með stolti um Ísland sem stéttlaust samfélag. Hann spurði því Guðmundur hvað fólki fyndist almennt um þessar breytingar. Guðmundur kynnti sér fyrirliggjandi rannsóknir og komst að því að viðhorf þjóðarinnar til þessara breytinga hefði lítið sem ekkert verið rannsakað frá því á áttunda áratugnum. Hann ákvað að bæta úr því og gerði viðamikla viðhorfskönnun um hugmyndir Íslendinga um stéttaskiptingu sem hluta af meistaraverkefni sínu. Síðan þá hefur hann byggt ofan á þá þekkingu og rannsakað stéttaskiptingu og viðhorf til hennar í stærra og alþjóðlega samhengi. Í dag er Guðmundur einn helsti sérfræðingur okkar um stétt og stéttarvitund og hverfast langflestar rannsóknir hans um þetta viðfangsefni á einn eða annan hátt.

## Hugmyndin um Ísland sem stéttlaust samfélag

En hvaðan kemur þessi hugmynd um Ísland sem stéttlaust samfélag og er hún enn þá ríkjandi í hugum Íslendinga? Guðmundur segir að þessi hugmynd eigi m.a. rætur sínar að rekja til þess að ef við horfum til mælikvarða eins og tekjuójafnaðar sé hægt að halda því fram að frá seinni heimsstyrjöld og fram á miðjan tíunda áratuginn, hafi Ísland verið eitt mesta, ef ekki mesta jafnaðarsamfélag í heimi. Frá seinni heimsstyrjöld var einnig mikill félagslegur hreyfanleiki hérlendis. Einnig var Ísland enn mjög einsleitt þjóðfélag á þessum tíma, en um miðjan tíunda áratuginn var innan við 2% þjóðarinnar af erlendu bergi brotinn. Þá er Ísland eina Evrópulandið sem aldrei hefur haft formlegan aðal, þó svo að vissulega hafi verið vísis að aðli í embættismönnum, prestum og stórbændum. Hér var líka ekki mikill efnahagslegur ójöfnuður í alþjóðlegu samhengi. Stéttaskipting var sannarlega til staðar á umræddu tímabili, eins og í öðrum markaðssamfélögum, sem og fátækt, misskipting og almennur ójöfnuður, en misskiptingin var ekki jafn áberandi og í öðrum Evrópulöndum.

## Gríðarleg aukning ójöfnuðar á met tíma

Í „gróðærinu“ frá miðjum tíunda áratugnum og fram að hruni rauk efnahagslegur ójöfnuður í íslensku samfélagi upp – sérstaklega tekjuójöfnuður. Aukning tekjuójöfnuðar á þessum skala á svo skömmum tíma hafði aldrei áður sést hjá OECD-landi. Ísland, sem hafði löngum verið eitt mesta jafnaðarsamfélag heims tók skyndilega fram úr hinum Norðurlöndunum í tekjuójöfnuði og fór að narta í hæla Vesturlanda með mestan ójöfnuð. Rannsóknir Guðmundar sýna að þessi staða fór ekki fram hjá Íslendingum og að það fjaraði undan hugmyndinni um Ísland sem stéttlaust samfélag. Í nýlegri viðhorfskönnun kom í ljós að 75% Íslendinga samsinna því að stéttaskipting hérlendis hafi aukist síðustu 20 ár. Yfir helmingur Íslendinga segir jafnframt að stéttaskipting á Íslandi sé mikil. Þjóðfélagsstaða fólks hefur eðlilega áhrif á viðhorf; fólk með hærri tekjur er líklegra til að halda því fram að hér séu tækifærin jöfn og litil eða engin stéttaskipting. Tekjulágir hins vegar eru líklegri til að segja að tækifærin séu ójöfn og að hérlendis sé mikil stéttaskipting – enda er það hópurinn sem finnur fyrir stéttaskiptingu á eigin skinni.

## Ójöfnuður ekkert náttúruleg mál

Guðmundur bendir á að ólíkt því sem stundum er haldið fram, er ójöfnuður ekkert náttúruleg mál. Þverbjóðlegar rannsóknir sýni svart á hvítu að hægt er að stjórna ójafnaðarstiginu með stjórnvaldsákvörðunum er varða, sem dæmi, hvernig skattkerfinu sé beitt og endurdreifingu tekna. Fátækt er því í raun pólitísk ákvörðun. Hún snýst ekki fyrst og síðast um einstaklinga, dugnað þeirra eða leti, heldur um þau kerfi sem við byggjum utan um mannlegt samfélag. Ísland er engin undantekning hvað þetta varðar. Hér voru, sem dæmi, teknar pólitískar ákvarðanir sem juku ójöfnuð hratt og örugglega á árunum fyrir hrun og stjórnvaldsaðgerðir hjálpuðu til við að minnka ójöfnuð í kjölfar hruns. Þar hvar mörkin séu dregin hvað ójöfnuð varðar er að stórum hluta ákvörðun stjórnvalda, hér sem og annars staðar.

## Mikilvægi jöfnuðar

Fjöldi rannsókna sýnir að það er að mörgu leyti mun eftir-sóknarverðara fyrir alla að búa í samfélagi þar sem ríkir mikill jöfnuður. Í slíkum samfélögum er til dæmis lægri tíðni alvarlegra afbrota og andlegra kvilla, meira traust ríkir manna á milli og fólk er almennt hamingjusamara. Það á ekki bara við um efnaminnsta fólkið heldur líður efnameira fólki líka betur í jafnari samfélögum. Guðmundur er ekki í vafa um að það velferðarsamfélag sem Íslendingar hafa þrátt fyrir allt náð að byggja upp hafi ekki síst komið til vegna þess hversu sterk verkalýðshreyfingin hér á landi hefur verið lengi vel. Hann bendir á að þó svo að verkalýðshreyfingin íslenska hafi ekki haft sama pólitíska styrkinn og til dæmis í Svíþjóð, þar sem talsambandið hefur verið sterkara í gegnum tíðina, hefur hún getað bætt það upp með samtakamættinum. Hvergi á byggðu bóli er til að mynda meiri stéttarfélagsaðild en á Íslandi og lengi vel var verkfallstíðni hvergi hærri en hér, sem sýnir að fólk hafi nýtt sín baráttutæki utan hins formlega stjórnmalavettvangs. „Þau félagslegu réttindi sem hafa áunnist hérlendis hafa ekki síst komið til fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar. Við værum ekki á þeim stað sem við þó erum í dag, þó svo ýmislegt mætti gera betur, ef það væri ekki fyrir verkalýðshreyfinguna,“ segir Guðmundur að lokum.



Kanntu að lesa launaseðil?

Talaðu við trúnaðarmann



Er trúnaðarmaður á

þínum vinnustað?



Fékkstu rétt útborgað?

Spurðu trúnaðarmann

# Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað

Efling leggur mikla áherslu á að bjóða trúnaðarmönnum fræðslu á sviði kjara- og félagsmála og koma til þeirra nýjustu upplýsingum hverju sinni. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa fimm eða fleiri félagsmenn.

## Hlutverk

Trúnaðarmaður er tengiliður starfsfólks við stéttarfélagið. Hlutverk hans/hennar er að gæta þess að farið sé eftir kjarasamningum og að lög og réttindi séu virt. Trúnaðarmaðurinn er til staðar fyrir samstarfsmenn sína, auðveldar samskipti á vinnustaðnum, bendir á leiðir til úrlausnar á ágreiningsmálum, miðlar upplýsingum og hvetur samstarfsfólk til að leita sér upplýsinga og aðstoðar hjá stéttarfélaginu þegar við á.

## Trúnaðarmaður er kjörinn fulltrúi

Starfsfólk á hverjum vinnustað kys sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við Eflingu. Eftir kosningu fær trúnaðarmaðurinn og atvinnurekandi hans senda staðfestingu á kjöri og boð á trúnaðarmannanámskeið í pósti.

## Trúnaðarmaður nýtur verndar

Trúnaðarmanni má ekki segja upp vegna starfa hans sem trúnaðarmanns og hann gengur fyrir öðrum um vinnu þurfi atvinnurekandi að fækka starfsfólki.

## Er enginn trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa fimm eða fleiri félagsmenn.

Ef enginn trúnaðarmaður er á þínum vinnustað, viljum við biðja þig um að hafa samband við Félagssvið Eflingar í síma 510 7500 eða senda tölvupóst á [felagssvid@efling.is](mailto:felagssvid@efling.is) til að fá aðstoð við að kjósa trúnaðarmann.

Félagssvið Eflingar sér um utanumhald og framkvæmd trúnaðarmannakosninga og er tengiliður trúnaðarmanna hjá stéttarfélaginu.

## Fræðsla

Trúnaðarmenn þurfa að sækja fjögur námskeið á kjörtímabili sínu, tvö fyrra árið og tvö seinna árið.

Námskeiðin miða að því að bæta við hæfni þeirra og þekkingu með því að fræðast um:

- Kjarasamninga
- Lestur launaseðla
- Verkalýðsbaráttuna og samningaviðræður
- Hlutverk verkalýðsfélaga og starfssemi þeirra
- Lög og réttindi fólks á atvinnumarkaði

Námskeiðin taka einnig fyrir samskipti og tjáningu og gera trúnaðarmenn betur í stakk búna til að sinna hlutverki sínu og efla samstarfsfólk sitt. Námskeiðin eru haldin á dagtíma, í þrjá daga í senn og eiga trúnaðarmenn samningsbundinn rétt til að sækja þau án launaskerðingar.

Upplýsingar um trúnaðarmannanámskeið er að finna á: [www.efling.is](http://www.efling.is)

**Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?**

Já!

Veit ekki

Er trúnaðarmaðurinn að hætta eða tímabil hans að renna út?

Nei!

Já!

Nei!

Hafðu samband við félagssvið Eflingar og athugaðu það - felagssvid@efling.is

Hefur þú eða vinnufélagi þinn áhuga á að vera trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Nei!

Já!

Hafðu samband við félagssvið Eflingar og athugaðu það - felagssvid@efling.is

Hafa fleiri en einn áhuga?

Já!

Nei!

Öll áhugasöm ættu að tilkynna framboð sitt, það ætti að skipuleggja kosningar þar sem samstarfsmenn kjósa sér trúnaðarmann og..

Við munum aðstoða þig við að skipuleggja trúnaðarmannakosningar

Frambjóðandi skipuleggur kosningu eða safnar undirskriftum frá 50% +1 samstarfsmönnum og kemur umsóknareyðublaðinu til skrifstofu Eflingar og ...

**HAMINGJUÓSKIR!**  
Þið hafið kosið ykkur trúnaðarmann!



# Guðbjörg María Jósepsdóttir

## Trúnaðarmaður hjá Gullborg, leikskóla

### Af hverju tókstu að þér að verða trúnaðarmaður?

Trúnaðarmaðurinn hjá okkur var að hætta og ég sagðist vera til í að vera trúnaðarmaður, mér hefur alltaf fundist það spennandi og áhugavert.

### Hvað hefurðu verið lengi trúnaðarmaður?

Síðan 2019.

### Hefurðu farið á trúnaðarmannanámskeið?

#### Hvernig fannst þér?

Já, ég fór á trúnaðarmannanámskeið 1, það var áhugavert, skemmtilegt og geðveikt góður matur. Það var gaman að fara í annað umhverfi og læra að lesa launaseðilinn sinn og um muninn á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera. Alltaf gaman að því að læra meira.

### Hvað gerir þú sem trúnaðarmaður?

Bara að passa upp á að kjarasamningum sé fylgt eftir. Ég var mest í þessu verkfalli, þar mætti ég á trúnaðarmannafundi á hverjum degi næstum því, það var rosalega skemmtilegt að berjast fyrir bættum kjörum okkar og að við fengum það sem við ættum skilið. Núna er vinnan mest í kringum styttingu vinnuvikunnar, fæ spurningar frá vinnufélögum um hana.

### Hefur eitthvað komið á óvart?

Það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast og ég er alltaf að hitta nýtt og nýtt fólk sem er gaman.

### Af hverju er mikilvægt að hafa trúnaðarmann á vinnustaðnum?

Það er gott að hafa manneskju inn á vinnustaðnum sem veit aðeins meira um hverjar okkar skyldur eru og hver okkar réttur er.

# Runólfur Óttar Kristjánsson

Trúnaðarmaður hjá Hrafnistu, hjúkrunarheimili

## Af hverju tókstu að þér að verða trúnaðarmaður?

Til að geta staðið vörð um réttindi fólks, það virðist þörf á því að fræða fólk um réttindi sín.

## Hefurðu verið lengi trúnaðarmaður?

Nei, síðan rétt fyrir áramót.

## Hefurðu farið á trúnaðarmannanámskeið?

### Hvernig fannst þér?

Já. Bara stórkostlega gaman og fræðandi. Það kom mér skemmtilega á óvart hvað allt höfðaði til mín á námskeiðinu, frá a til ö.

## Hvað gerir þú sem trúnaðarmaður?

Ég tek á móti fólki ef það er með áhyggjur, ef ekki er rétt staðið að málum varðandi laun eða annað. Líka ef fólk líður illa og vill ekki tala við yfirmenn, ég hjálpa því og kem boðum áleiðis. Fólk á miserfitt með að tjá sig og það er gott að hafa einhvern milli-mann til miðla málum.

## Hefur eitthvað komið á óvart?

Nei í rauninni ekki, ekki hingað til.

## Af hverju er mikilvægt að hafa trúnaðarmann á vinnustaðnum?

Fólk er misþorið til að leita réttar síns, það er gott að geta rætt við einhvern sem þorir að ganga í málið. Sumir eru hræddir við að missa vinnuna út af einni kvörtun, gott að geta kennt fólki og frætt það um að það gerist ekki. Margir eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og vita ekki hvernig er best að koma á framfæri sínum málum og þá er gott að hafa trúnaðarmann á staðnum.



# Hagnýtar upplýsingar

## Áttu rétt á fræðslustyrk?

Fræðslustyrkir Eflingar geta numið allt að 130.000 kr. á ári eða að hámarki 75% af kostnaði.

Fram til 1. janúar 2022 geta félagsmenn hinsvegar sótt um 90% endurgreiðslu fyrir starfstengt nám og námskeið en styrkurinn var hækkaður til að mæta núverandi ástandi í samfélaginu.

Hafi félagsmaður greitt samfellt í þrjú ár og ekki nýtt sér rétt sinn til fræðslustyrks gæti upphæðin numið allt að 390.000 kr. eða samkvæmt nánari reglum fræðslusjóðanna.

Greitt er hlutfallslega ef um hlutastörf er að ræða.

Einnig er hægt að nýta styrkinn vegna náms- og kynnisferða stofnanna fyrir þá sem starfa hjá hinu opinbera eða í ferðastyrk í tengslum við nám, námskeið eða ráðstefnu erlendis fyrir félagsmenn sem vinna á almennum vinnumarkaði.

Reglurnar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi greitt félagsgjöld í sex mánuði af síðustu 24 mánuðum og sé félagsmaður þegar nám var greitt. Félagsmaður hefur þrjú mánuði til að skila inn umsókn eftir að hann hættir að vinna.

Nánari upplýsingar um fræðslustyrki má finna á [www.efling.is](http://www.efling.is)

## Raunfærnimat

Raunfærnimat er ferli þar sem lagt er mat á þekkingu og færni út frá starfsreynslu, skólagöngu, starfsnámi, framhaldsfræðslu, frístundanámi og almennri reynslu. Markmiðið er að viðkomandi fái viðurkennda raunfærni sína til að öðlast framgang í starfi eða námi.

Til að komast í raunfærnimat þarf að hafa samband við viðkomandi fræðslustofnun. Flestir félagar Eflingar leita til Iðunnar og Mímis. Þar leiða ráðgjafar þátttakendur í gegnum ferlið. Þegar niðurstöður liggja fyrir hefur þátttakandi upplýsingar um hvað fæst metið, hvað þarf að bæta við í námi og ráðgjöf um næstu skref.

Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru að viðkomandi hafi náð 23 ára aldri og búi yfir 3 ára starfsreynslu í viðkomandi fagi.

**Helstu greinar til mats hjá Iðunni eru:**

Matvælaiðn, ferðapjónustugreinar, byggingaiðn, bifvælaiðn, málm- og vélgreinar. Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Iðunnar í síma 590 6400 eða [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is)

**Helstu greinar sem eru til mats hjá Mími eru:**

Leikskólaliði, félagsliði, stuðningsfulltrúi og félagsmála- og tómsundaliði.

Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Mímis í síma 580 1800 eða [radgjof@mimir.is](mailto:radgjof@mimir.is)

## Mat á fyrra námi

ENIC/NARIC Ísland metur prófgráður og nám sem lokið hefur verið erlendis.

Skrifstofan sér einstaklingum, háskólum, atvinnurekendum, fagfélögum og öðrum hagsmunaaðilum fyrir upplýsingum um prófgráður, menntakerfi og matsferli. Matið felst í því að greina stöðu viðkomandi lokaprófs í því landi sem það var veitt og athuga til hvaða prófgráðu í íslenska menntakerfinu hægt er að bera það saman við. Ekki er greitt fyrir þjónustu ENIC/NARIC Ísland.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu: <http://enicnaric.is>

## Viltu starfa í lögbundinni starfsgrein á Íslandi?

Einstaklingar með menntun erlendis frá í starfsgrein sem telst lögbundin á Íslandi, geta óskað eftir að fá hana viðurkennda hér á landi og fá útgefið starfsleyfi.

Upplýsingar um hvaða störf teljast lögbundin má finna á [www.enicnaric.is](http://www.enicnaric.is)

Einkum er um tvo flokka starfa að ræða: iðngreinar annars vegar og störf í heilsugæslu hins vegar.

**Fyrir rafiðnað:**

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins,  
Stórhöfða 27, 110 Reykjavík.  
[jens@rafnam.is](mailto:jens@rafnam.is)  
[www.rafnam.is](http://www.rafnam.is)

**Fyrir aðrar iðngreinar:**

Iðan-fræðslusetur,  
Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.  
[idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)  
[www.idan.is](http://www.idan.is)

**Fyrir störf í heilsugæslu:**

Landlæknir,  
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík.  
[mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)





## Ert þú í atvinnuleit?

Í atvinnuleit gefst best að nýta allar mögulegar leiðir, formlegar og óformlegar.

- Láttu ættingja og vini vita að þú sért að leita þér að vinnu.
- Láttu vita á samfélagsmiðlum.
- Sendu umsókn til fyrirtækja og stofnana jafnvel þótt ekki sé verið að auglýsa eftir fólki.

### Ferilskrá

- Skráðu nafn og helstu tengiliðaupplýsingar efst og láttu fylgja með nýlega og skýra andlitsmynd af þér.
- Menntun – listaðu upp skólagöngu með ártölum (nýjast fyrst) og ekki gleyma námskeiðum og öðru sem fellur undir sí- eða endurmenntun.
- Starfsreynsla – listaðu upp fyrri störf og atvinnuveitendur (nýjast fyrst).
- Hæfni og þekking – listaðu upp tölvu- og tungumálþekkingu, félags- og sjálfboðaliðastörf og aðra reynsla eða hæfni sem gæti nýst í starfi.
- Helstu styrkleikar í vinnu – listaðu upp færni eins og hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfni og stundvísi.
- Tilgreindu tvo til þrjú umsagnaraðila með tengiliðaupplýsingum. Mundu að fá leyfi hjá viðkomandi áður en þú sendir ferilskrána áfram.
- Biddu einhvern um að lesa textann yfir til að koma í veg fyrir stafsetningar- eða innsláttarvillur.

### Kynnisbréf

- Hafðu kynnisbréfið stutt og skilmerkilegt, alls ekki lengra en eina A4 blaðsíðu.
- Gerðu grein fyrir því hvernig reynsla þín, þekking og persónueinkenni uppfylla kröfur til starfsins. Hafðu starfsauglýsinguna til hliðsjónar.
- Ef þig skortir þekkingu á einhverjum þáttum skaltu vera heiðarleg(ur) og lýsa þig reiðbúna/inn til að afla viðkomandi þekkingar og/eða reynslu.
- Undir lok bréfsins skaltu lýsa yfir áhuga á að komast í starfsviðtal í því skyni að gera betur grein fyrir umsókninni.
- Biddu einhvern um að lesa yfir textann til að koma í veg fyrir stafsetningar- eða innsláttarvillur.

### Starfsviðtalið

- Undirbúðu þig með því að að kynna þér viðkomandi fyrirtæki/stofnun, t.a.m. á viðkomandi heimasíðu.
- Vertu stundvís og snyrtileg/ur til fara.
- Biddu maka, góðan vin eða kunningja að taka þig í prufuviðtal og æfðu þig á að svara algengum spurningum.
- Svaraðu spurningum heiðarlega og á skýran og skilmerkilegan hátt.
- Vertu tilbúin/nn með nokkrar spurningar til atvinnurekandans, t.a.m. um hugsanlega starfsbróun, menninguna í fyrirtækinu/stofnuninni og starfsaðstæður.

# Viltu vera með í kór?

Kóræfingar fyrir félagsfólk Eflingar verða alla miðvikudaga í vetur frá kl. 17 -19 í húsnæði Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð.

Fyrsta æfing verður miðvikudaginn 15. september kl. 17.

Vertu hluti af skemmtilegum félagsskap þar sem barátta, bjartsýni og söngur eru í fyrirrúmi.

Kórstjóri er Jóhanna V. Þórhallsdóttir.

Sjáumst!



# Efling's Education Paper

2021-2022



Efling's Education Paper 2021-2022

Editors: Rakel Pálsdóttir, Þórunn Hafstað, Herdís Steinarsdóttir

Guarantor: Sólveig Anna Jónsdóttir

Design and layout: Þorfinnur Sigurgeirsson

Photographs: Þórunn Hafstað, Þorfinnur Sigurgeirsson og Þórdís Erla Ágústsdóttir

Printing: Prentmet Oddi

# Efling's Education Paper

2021-2022

## CONTENTS

Forwards .....	3
Vitinn - School of Efling .....	4
Courses available .....	5-8
Open events at Education Center .....	10
Between Us .....	11
Participants at vocational training .....	12-13
Interview with Guðmundur Oddsson, sociologist .....	14-15
Is there no union representative in your workplace? .....	16-17
Guðbjörg María Jósepsdóttir, union representative of Efling .....	18-19
Runólfur Óttar Kristjánsson, union representative of Efling .....	20-21
Useful information .....	22-23
Do you want to join the choir? .....	24



## Forwords

Vitinn - the School of Efling begins its first winter with a varied programme based on the will of members. In the school, the education and social work of the union will for the first time be accessible in one place. In this paper, you'll find its programme through spring. You can also look out for the events calendar on the Efling home page to see what's going on. All the union's education, from union rep courses to gardening training and choir work will now take place via Vitinn.

Last spring, Efling members were sent a survey on what courses they wanted to attend. The winter's schedule was formed based on the responses and contains multitudes. There will be monthly events on the first Thursday of each month, where miscellaneous education and coffee will be on offer. The traditional courses are still there, such as the retirement course and instruction on rights to name but a few. These will be available in Icelandic, English and Polish.

I want to point out one of the new courses in particular, the General course, which will be taught in November. It will offer Efling members a good time together along with professional

training in collective struggles and in having your views and interests heard. Next winter, collective agreements expire, and we hope to hear from members, and get their participation in the union's work on improving the working people's condition. Among the course's teachers is Guðmundur Oddsson, who is interviewed in the paper.

The Efling choir will have its first practice on Wednesday, September 15, at 5pm, and weekly thereafter. The sessions will take place at the Efling education centre at the fourth floor of the union office in Guðrúnartún 1. Jóhanna V. Þórhallsdóttir, who has broad experience in directing choirs will lead and rally the group. We encourage you to join in from the get-go to be able to shape the work from day one.

I hope you'll all find something you like in the winter's programme. Do not hesitate to get in touch with the office if there's anything you want to see in the programme in the future.



# VITINN

## School of Efling

